

um, í þessu máli. Málskostnað greiði hinn stefndi áfrýjanda bæði fyrir undir- og yfirdómi með 40 kr., er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júnímán.

Nr. 26/1887.

Rjettvisin

gegn

Kristjáni Ó. Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Eptir að ýmsir menn um síðastliðin ára-mót höfðu skriflega kært hinn ákærða, Kristján Ó. Þorgrímsson, fyrir það að hann sem gjaldkeri Reykjavíkurkaupstaðar hefði dregið undir sig nokkuð af fje kaupstaðarins, er hann átti að greiða karendunum, með því móti að hann hefði ritað falsaðar kvittanir fyrir fjárgreiðslum til þeirra, án þess að hafa greitt þeim fjed, og eptir að opinber rannsókn hafði fram farið út af kærnum þessum, fyrir skipaði amtið hinn 24. janúarmán. síðastliðins sakamáls-höfðun gegn hinum ákærða »í tilefni af tjeðri rannsókn«, og var síðan mál höfðað gegn honum af hálfu rjettvísinnar fyrir skjala-fals og fjárdrátt í sviksamlegum tilgangi, og út af óskilum á fje því, er honum var trú- að fyrir sem fyrverandi gjaldkera Reykjavíkurkaupstaðar. Var sök þessi dæmd í aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar hinn 4. aprílmán. síðastliðins þannig, að hinn ákærði var dæmdur samkvæmt 136. grein almennra hegningar- laga 25. júní 1869 fyrir sjóðpurð og vanskil á opin- beru fje, til að sæta 14 daga einföldu fangelsi og til

að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnað við varðhald hans, en að öðru leyti var hann sýknaður af ákæru sóknarans í málinu.—Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði af hálfu hins ákærða og hins opinbera.

Hinn ákærði er sakaður um það, að hann hafi gjört sig sekan í eptirnefndum afbrotum síðasta árið, sem hann var bæjargjaldkeri Reykjavíkurkaupstaðar, en sýslan þeirri sleppti hann um mánaðamótin október—nóvember 1886.

1. Að hann hafi talið út borgaðar úr fátækra sjóði 56 kr. sem meðlag með ómaganum Kristjáni Kristjánsyni, og samið ranglega kvittanir fyrir upphæð þessari, sumpart undir nafni ómagans sjálfs, sumpart undir nafni Sigurðar Jónssonar, en báðir hafa þeir neitað að hafa veitt þessari upphæð eða nokkru af henni móttöku, eða að hafa veitt öðrum heimild til þess að kvitta fyrir henni.
2. Að hann hafi talið út borgað úr fátækra sjóði hinn 16. októberm. f. ár 10 kr. til ómagans Halldóru Árnadóttur, ritað heimildarlaust kvittun fyrir upphæðinni og nafn hennar undir, en hún hefur neitað því, að hún hafi meðtekið peningana, eða heimilað nokkrum að taka þá og gefa kvittun fyrir í sínu nafni.
3. Að hann hafi talið út borgað úr fátækra sjóði 6 kr. til ómagans Guðbjargar Oddsdóttur, og ritað kvittan fyrir upphæðinni í hennar nafni, án þess hún hafi veitt peningunum móttöku, eða húsbóndi hennar, sem meðlagið að rjettu lagi átti að ganga til, eða þau hafi heimilað öðrum að kvitta fyrir upphæðinni.

4. Að hann hafi enn fremur talið út borgað til Guðjóns Einarssonar 16 kr. 64 aur., sem meðlag með Símoníu Ingimagnsdóttur, og ritað kvittun fyrir undir nafni Guðjóns, án þess að nefndur Guðjón hafi veitt peningunum móttöku, eða heimilað öðrum að kvitta fyrir þá í sínu nafni.
5. Að hann sömuleiðis hafi talið út borgað meðlag 36 kr. til Kristínar Guðmundsdóttur, og ritað kvittun undir hennar nafni fyrir, án þess að hún hafi veitt peningunum móttöku, eða heimilað öðrum að kvitta fyrir þá sín vegna.
6. Að hann sömuleiðis hafi talið út borgað til Einars Eiríkssonar í Þverárkóti 26 kr. 67 aur., sem meðlag með Frímanni Sigurðssyni, og fram lagt kvittun undir nafni Einars fyrir upphæðinni, án þess Einars hafi fengið þessa peninga, leyft öðrum að taka þá, nje kvittað fyrir þá sjálfur eða heimilað öðrum að gjöra það. -- Um þetta ákæru-atríði er ekkert annað fram komið í málinu gegn hinum ákærða, en skrifleg skýrsla eða yfirlýsing Einars, sem ekki hefur verið staðfest fyrir rjetti.
7. Er hinn ákærði sakaður um það, að hann hafi tvívegis talið hafnarsjóði Reykjavíkur til útgjalda sömu upphæðina 1360 kr. 35 aur., nefnilega bæði árið 1885 og 1886, og að hann hafi gjört þetta í sviksamlegum tilgangi, til þess að leyna sjóðpurði, er hjá honum hafi verið.

Með tilliti til framan-umgetinna útborgana úr fá-tækra sjóði Reykjavíkur (tölul. 1-6), hefur hinn ákærði stöðuglega haldið því fram, að hann í raun og veru hafi borgað út allar þær upphæðir, sem kvittanirnar hljóða um, annaðhvort hlutaðeigendum sjálfum eða ein-

hverjum, er þeir hafi sent fyrir sig; hann hafi borgað sendimönnum hlutaðeigenda, án þess að heimta, að þeir sýndu formlega fullmakt, og ef viðtakendur hafi eigi kunnað að skrifa, þá hafi hann ritað kvittanirnar fyrir þá og nöfn þeirra undir, og tjáir hann, að þetta hafi um langan tíma verið venja bæjargjaldkeranna. Hinu hefur hinn ákærði neitað skírt og skorinort, að hann hafi nokkra kvittun ritað án leyfis hlutaðeigenda, er peningunum veittu móttöku, eða án þess að hafa greitt peninga þá, er kvittunin um hljóðaði, eða í því skyni að draga undir sig fje úr bæjarsjóði eða af þurfa-linga-meðlögnum. Gegn þessari ítarlegu neitun hins ákærða hefur það eigi orðið sannað, að hann hafi með því að rita framan-umræddar kvittanir og telja upphæðir þeirra bæjarsjóði til útgjalda, gjörzt sekur í skjalafölsun og sviksamlegu athæfi, er heyri undir ákvæði hegningarlaganna; því að hins vegar er að eins framburður kærændanna sjálfra, eins og frá hefur verið skýrt hjer að framan.

Að því er snertir síðasta ákæru-atriðið (tölul. 7), þá hefur hinn ákærði kannazt við, að hann hafi tvíritað til útgjalda í gjalda-bók hafnar-sjóðsins bráðabyrgðarlán bæjarsjóðsins, að upphæð 1360 kr. 35 aur., nefnilega bæði fyrir árið 1885 og aptur síðastliðið ár, þegar hann skilaði af sjer gjaldkera-sýslaninni, en gegn neitun hans verður ekki staðhæft, að hann hafi gjört þetta í sviksamlegum tilgangi, eða til þess að leyna sjóðpurði, enda hefði það hlotið að liggja hinum ákærða í augum uppi, þessi tvíritun gat ekki dulizt til lengdar, og þá eigi heldur til lengdar leynt sjóðpurði; framburði ákærða um að þetta hafi orðið af gáleysi verður fyrir því ekki hnekkt. En á hinn bóginn er það sannað, að sjóð-

purður, er nam ný-nefndri upphæð, hafi verið hjá hinum ákærða, þá er hann skilaði af sjer gjaldkerasýslaninni, og getur hann eigi komizt hjá að sæta ábyrgð fyrir það, og skal þess getið, að hvorki er málshöfðunarskipun amtsins því til fyrirstöðu, eins og hún er orðuð, nje heldur niðurlags-ákvörðunin í 136. gr. hegningarlaganna. Refsing sú, er hinn ákærði hefur til unnið með þessu afbroti, virðist hæfilega ákveðin samkvæmt 145. gr., sbr. 136. gr., hegningarlaganna 80 kr. sekt til landsjóðs, en í stað hennar komi 24 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi greiðist öll innan ákveðins tíma. — Með þessari breytingu, að því er refsinguna snertir, ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þar með talin málskostnaðar-fyrirmæli hans.—Hinn ákærði á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus. Það er aðfinningarvert, að hinn skipaði sóknari fyrir yfirdómnum tók fyrst fyrir sjerstaklega form-hlið málsins, án þess jafnframt að sækja málið í aðalefni þess, og orsakaði með því nauðsynjalausan drátt á málinu; en þó þykir ekki nægileg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir.—Að öðru leyti hefur málsfærslan fyrir yfirdómnum verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Kristján Ó. Þorgrímsson á að greiða 80 — áttatíu — króna sekt til landsjóðs, eða ef sektin eigi er öll greidd í ákveðinn tíma, sæta 24 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á aukarjettar-

dómurinn að vera óraskaður. Svo greiði hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu-laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 krónur til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júnímán.

Nr. 23/1887.

Lárus Pálsson
 gegn
 Jörgen Hansen.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, gengnum 25. febrúarm. þ. á., var áfrýjandi þessa máls, Lárus Pálsson, dæmdur til að greiða hinum stefnda, kaupmanni Jörgen Hansen, verzlunarskuld að upphæð 245 kr. 37 aura og 5% af þessari upphæð frá sáttakærudegi 19. okt. 1886, þangað til greitt er, svo og málskostnað með 10 krónum.

Þessum dómi hefur Lárus Pálsson skotið til yfirdómsins með stefnu 31. marzmán. þ. á., og krafist fyrst og fremst, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli, að stefndi verði sektaður fyrir óþarfa máls-ýfingu og dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum með 50 krónum; en til vara, að áfrýjandinn verði losaður við að greiða 3 kr. 50 aur. af hinni umstefndu skuld, og að honum